

Sp.

41. Fyrirspurnir.

[31. mál]

I. Til fjármálaráðherra um lántöku vegna togarakaupa.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hver lán hafa verið tekin erlendis til togarakaupa samkvæmt lögnum um togarakaup ríkisins?

II. Til ríkisstjórnarinnar um afkomu útflutningssjóðs.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Hvað áætlar ríkisstjórnin tekjur útflutningssjóðs á þessu ári?
2. Hvað áætlar ríkisstjórnin útgjöld útflutningssjóðs á þessu ári:
 - a. Til þess að greiða niður vöruverð innanlands?
 - b. Til þess að greiða útflutningsuppbætur og aðrar uppbætur?
3. Hverjar voru birgðir útflutningsvara í ársbyrjun, og hve miklar eru þær áætlaðar nú í árslok?
4. Hvað áætlar ríkisstjórnin tekjur og útgjöld útflutningssjóðs á næsta ári, miðað við uppbótargreiðslur og niðurgreiðslur, eins og þær eru nú samkvæmt lögum og ákvörðunum stjórnarvalda?

III. Til ríkisstjórnarinnar um stofnun efnahagsmálaráðuneytis og iðnaðarmálaráðuneytis.

Frá Ólafi Jóhannessyni.

1. Samkvæmt hvaða heimild hefur verið sett á stofn sérstakt efnahagsmálaráðuneyti og þar skipaður ráðuneytisstjóri?
2. Hefur verið sett á stofn sérstakt iðnaðarmálaráðuneyti, og ef svo er, eftir hvaða heimild?